

Öldungaráð

Ár 2020, mánudaginn 22. júní var haldinn 46. fundur öldungaráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 9.35. Fundinn sátu Berglind Eyjólfsdóttir, Ólafur Kr. Guðmundsson, Rannveig Ernudóttir, Jóhanna Ragnarsdóttir, Bryndís Hagan, Álfhildur Hallgrímsdóttir og Baldur Magnússon. Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf Félags eldri borgara Reykjavíkur og nágrennis, dags. 19. júní 2020, þar sem fram kemur að Ingibjörg H. Sverrisdóttir tekur sæti í öldungaráði í stað Ellert B. Schram.
2. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 28. maí 2020, þar sem óskað er eftir þátttöku tveggja fulltrúa öldungaráðs á fund hagsmunaaðila við gerð lýðræðisstefnu. Samþykkt að fulltrúar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni og Korpúlfar samtök eldri borgara í Grafarvogi, taki sæti í samráðshóp.
3. Fram fer kynning á gerð velferðarstefnu til framtíðar.
- Kl. 10.15 tekur Anna Kristinsdóttir sæti á fundinum.
Dís Sigurgeirsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
4. Fram fer kynning á verkefnum velferðarsviðs sem snúa að félagstarfi eldri borgara og átaksverkefnum í sumar vegna Covid-19.
Þórhildur Guðrún Egilsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
5. Fram fer umræða um sumarleyfi fulltrúa ráðsins í júlí og ágúst.
Samþykkt að næsti fundur ráðsins verði haldinn 7. september 2020. Einnig að fundir ráðsins verði fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Fundi slitið kl. 10.48

Berglind Eyjólfsdóttir

Rannveig Ernudóttir
Álfhildur Hallgrímsdóttir
Jóhanna Ragnarsdóttir

Baldur Magnússon
Bryndís Hagan
Ólafur Kr. Guðmundsson